

SKATTUR Á FYRIRTÆKI fyrirtækjaskattaréttur

SKATTLAGNING ÓHEIMILLA
úttekta úr rekstri
hjá fyrirtæki og eiganda þess

Glærupakki 4

Lausleg yfirferð - fræðsluefni

ENDURMENNTUN HÍ
mánudaginn 8. apríl
2013 kl. 16 til 20

SKATTLAGNING ÓHEIMILLA
úttekta úr rekstri
hjá fyrirtæki og eiganda þess
Ásmundur G. Vilhjálmsson lögmaður

ENDURMENNTUN HÍ
fimmtudaginn 26. mars 2015
kl. 16 til 20

SKATTLAGNING ÓHEIMILLA
úttekta úr rekstri
hjá fyrirtæki og eiganda þess
Ásmundur G. Vilhjálmsson lögmaður

Um hvað fjallar fyrirlesturinn?

Lögmætisreglan, sbr. 40. gr. TSL

- Skattlagningu úttektar eiganda fyrirtækis úr atvinnurekstri. Með fyrirtæki í þessu sambandi er bæði átt við einstaklinga í rekstri svo og lögaðila
- Eins og allir vita sæta fyrirtæki ýmist einskattlagningu eða tvískattlagningu
- Úttekt úr rekstri getur því bæði haft áhrif á tekjuskattlagningu fyrirtækisins og eigandans. Þessu er stundum lýst sem
 - Úttektarskattlagningu (stig 1) og úthlutunarskattlagningu (stig 2)
- Í tímanum munum við reyna að átta okkur á því **á HVAÐA lagagrundvelli** skattlagning úttektar byggist, hvaða verð fyrirtækinu beri að tekjufæra við úttektina og hvort/hvernig hið úttekna skattleggst hjá eigandanum

Um úttekt

HVAR FINN ÉG LAGAREGLURNAR

- Í lögum um tekjuskatt er **ekki** að finna neitt almennt úttektarákvæði. Hvergi er t.d. berum orðum sagt að taki eigandi eign/vöru/þjónustu út úr fyrirtæki og hafi til persónulegra nota sinna **beri fyrirtækinu að tekju-færa úttektina eins og um sölu sé að ræða**
- Því síður er haft fyrir því að mæla með almennum hætti fyrir um skattlagninguna hjá eigandanum. Af einstökum ákvæðum tekjuskattslaganna má þó sjá að maður hafi ekki algerlega frjálsar hendur í þessu efni

Skoðum tekjuskattslögin úttektarskattlagning

undanþegin skattskyldu með skilyrðum

1. Ákvæði 57. gr. TSL, 1. og 2. mgr. Kaup og sala. Óeðlileg viðskiptakjör. **Einstök viðskipti/úttekt**
2. Ákvæði 51. gr. og 53. gr. svo og 56. gr. TSL. Samruni og umbreyting: Yfirfærsla allra eigna og allra skulda þar með talið eigin fjárs frá einu fyrirtæki til annars. **Allsherjarúttekt**
3. Ákvæði 52. gr. TSL. Skipting. Yfirfærsla allra/hluta eigna og allra skulda þar með talið eigin fjár frá einu fyrirtæki til annars. **Allsherjarúttekt**

Kaup Glitnis banka á framtaki fjárfestingarbanka

- Dómur hæstaréttar dags. 28. janúar 2010 í málinu nr. 143/2009. **Íslenska ríkið gegn Glitni banka**
- Í málinu var deilt um það hvort yfirtaka Glitnis á öllum eignum og skuldum þar með töldu eigin fé Framtaks fjárfestingar banka væri **skattfrjálst**
 - **allsherjaryfirfærsla og gagngjaldskrafa**
- Taldi dómurinn svo ekki vera þar sem eigendur Framtaks fjárfestingarbanka hefðu ekki við sameininguna eingöngu fengið hlutabréf í Glitni banka fyrir eignarhluti sína í Framtaki fjárfestingarbanka
- Voru opinber gjöld Glitnis banka vegna gjaldársins 2005 því hækkuð um samtals **589.073.851** krónur

- Umrædd ákvæði gefa til kynna að úttekt eigna/vöru/þjónustu út úr fyrirtæki hafi afleiðingar
- Yfirgnæfandi líklegt er þannig að líta beri á úttektina SEM SÖLU. Þá liggur í hlutarins eðli að ganga beri út frá **markaðsverði** við tekjufærsluna

Ályktanir

Almenna ákvæðið um úttekt ætti auðvitað að vera
í B-lið 7. gr. TSL:

Til skattskyldrar sölu í atvinnurekstri telst úttekt eiganda á hvers konar eignum og þjónustu. Úttektina skal reikna til tekna miðað við markaðsverð á hlutaðeigandi stað og tíma

Ath. Úttekt=yfirfærsla og eigin notkun í fyrirtæki þar með talið umbreyting eignar frá vöru í varanlegan rekstrarfjármun og öfugt

Tekjuskattslögin eru að stofni til gömul
En hvað með virðisaukaskattinn
Eru þau kannski nútímalegri

- **IV. kafli. Skattskyld velta**

11. gr. Til skattskyldrar **VELTU** skráðs aðila telst öll sala eða afhending vöru og verðmæta **gegn greiðslu**, svo og seld vinna og þjónusta. Hér með telst andvirði vöru eða skattskyldrar þjónustu sem **fyrirtæki selur** eða framleiðir og **eigandi tekur út til eigin nota**

- **III. kafli. Skattverð**

8. gr. Þegar eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki vörur eða skattskylda þjónustu **til eigin nota** skal skattverð miðast við **almennt gangverð** án virðisaukaskatts

Af hverju úttektarskattlagning?

Kemur í veg fyrir mismunun, röskun á samkeppni

- Einstaklingar mega **ekki** draga kostnað vegna fram færslu sinnar frá tekjum. Hið sama gildir um þá sem stunda atvinnurekstur
- Kæmust atvinnurekendur upp með að gjaldfæra einkakostnað sinn sem rekstrarkostnað myndi það leiða til mismununar. **Mismunun veldur ósætti**
- HLUTVERK ÚTTEKTARSKATTLAGNINGAR ER ÞVÍ UMFRAM ALLT AÐ JAFNA ÞENNAN MUN
- Við endurákvörðun skatts er gjaldfærsla hins úttekna felld brott en af því leiðir að **kostnaðaverð – en ekki markaðsverð** þess úttekna - er venjulega aðeins tekjufært – í tekjuskattinum

Vskur og tekjuskattur m u n u r

- Vskurinn gengur út frá markaðsverði
- Tekjuskatturinn miðar hins vegar við kostnaðarverð – **er það alveg víst?**
 - Taki eigandi út vöru eða þjónustu ber því **ekki** að tekjufæra álagningu hennar eins og um sé að ræða sölu til óskylds aðila
 - Sama gildir um yfirfærslu á vöru af lager til deildar yfir útleigða muni

Upphaf úttektarskattlagningar

Ekki í lögum heldur reglugerð

- Úttektarskattlagning hér á landi á rót að rekja til **atvinnureksturs bænda**. Eins og allir vita framleiða bændur algengar neysluvörur svo sem kjöt, mjólk og smjör, **EITTHVAÐ SEM ALLIR ÞURFA AÐ BORÐA**
- Kostnaður vegna FRAMLEIÐSLU þessa er auðvitað dreginn frá tekjum og ef bændur kæmst upp með að neyta varanna frítt myndi það valda mismunun. Frá upphafi tekjuskattlagningar hefur þeim því verið gert skylt að tekjufæra heimaafnot sín

Bændaskattlagning

Til tekna af landbúnaði telst m.a: Athugum nokkur dæmi

A-liður 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963

1. **Búfjárafurðir allar**, bæði seldar og **notaðar heima**, þar með talið andvirði búfjár, sem selt er lifandi og matsverð þess búfjár, sem alið er upp til bústofnsauka, sbr. 3. tölul. B-liðar hér á eftir. Heimanotaður búfjáráburður til búrekstrar (ekki nýræktar) telst þó ekki til tekna, enda kemur hann ekki til frádráttar tekjunum
2. **Jarðargróði allur**, bæði seldur og **notaður heima**, svo sem hey, korn, garðávextir og gróðurhúsaframleiðsla. **Heimanotaður heyfengur, korn og annar jarðgróði til búfjárfóðurs telst þó ekki til tekna, enda kemur það ekki til frádráttar tekjunum**
3. **Afrakstur af hvers konar hlunnindum**, bæði seldur og **notaður heima**, svo sem af dúntekju, eggvarpi, fuglatekju, laxveiði, silungsveiði, hrognkelsaveiði, útræði, selveiði, reka, mótaki, skógarhöggi, berjatekju, sand-, malar og/eða grjótnámi o.s.frv.

Viðmiðunarverð tekjufærslu

B-liður 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963

Gengið út frá almennu söluverði

- Heimanotaðar búsafurðir (búfjárafurðir, jarðagróði, hlunninda-afrakstur) svo og **heimilisiðnaður skal telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilsvarendi afurðir, sem seldar eru á hverjum stað og tíma → MARÐAÐSVERÐ**
- Verði ekki við **markaðsverð** miðað, t.d. í þeim hreppum, þar sem mjólkursala er lítil eða engin, skal verð **miðað við útsöluverð til neytenda → leiðir til tekjufærslu álagningar**
- Ef svo er ástatt, að söluverð frá framleiðanda er hærra en útsöluverð til neytenda, vegna niðurgreiðslu á afurðaverði, þá skulu þó þær heimanotaðar afurðir, sem svo er ástatt um, **taldar til tekna miðað við útsöluverð til neytenda**. Mjólk, sem notuð er til búfjárfóðurs, skal þó telja til tekna með hliðsjón af verði á fóðurbæti miðað við fóðureiningu
Þar sem mjólkurskýrslur eru ekki haldnar, skal áætla heimanotað mjólkurmagn

YSÚ 612/1997

- Kærandi var bóndi með almennan búrekstur og hafði jafnframt með höndum ferðapjónustu. Ágreiningsefnið í málinu var tvíþætt, annars vegar um eigin úttekt vegna gjafa á hrossum til barna kæranda og hins vegar hlutföllun innskatts vegna blandaðrar starfsemi
- Varðandi fyrra atriðið var nánar tilekið deilt um það hvaða matsverð skyldi leggja til grundvallar eigin úttekt kæranda er tekjufærast ætti á landbúnaðarskýrslu og teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu. Yfirskatta nefnd taldi bera að miða við almennt gangverð hrossanna, en það lá ekki fyrir með neinum ótvíræðum hætti í málinu
- Með hliðsjón m.a. af óvissupáttum í málinu taldi nefndin nærtækast að leggja skattmat ríkisskattstjóra á búpeningi til eignar til grundvallar tekjufærslu í landbúnaðarskýrslu og við hækkun virðisaukaskattsskyldrar veltu. Varðandi þann þátt málsins, sem sneri að hlutföllun innskatts vegna blandaðrar starfsemi, gerði yfirskattanefnd athugasemdir við málsmeðferð skattstjóra, sem þótti bæði ómarkviss og tæpast reist á nægilega traustum grunni. Í efnishlið málsins synjaði nefndin kröfu kæranda um að ekki yrði litið til tekna af búrekstrinum við hlutföllun innskatts

Er Ísland sér á báti?

- Reglur um úttektarskattlagningu og úthlutunarskattlagningu eru alþjóðlegar
- Skv. því er þetta eitthvað sem allar þjóðir búa við. Af norðurlöndunum hafa þó aðeins Svíar lögfest almennt ákvæði um úttekt
- Kíkjum aðeins á það sem þeir hafa gert

Lög um tekjuskatt nr. 1999:1229

INKOMSTSKATTELAGEN

Vad som avses med uttag

Hvað er úttekt

- **2 §** Med uttag avses att den skattskyldige tillgodogör sig en tillgång från näringsverksamheten för privat bruk eller att han för över den till en annan näringsverksamhet
- **3 §** Med uttag avses också att den skattskyldige överlåter en tillgång utan ersättning eller mot ersättning som understiger marknadsvärdet utan att detta är affärsmässigt motiverat
- **4 §** Bestämmelserna om uttag av en tillgång i 2 och 3 §§ tillämpas också på uttag av en tjänst om värdet av tjänsten är mer **än ringa**

5 § Som uttag räknas också att Einnig telst til úttektar ...

1. en näringsverksamhet upphör – **lok starfsemi, sjá 12. gr. VSL**
2. skattskyldigheten för inkomsten från en näringsverksamhet helt eller delvis upphör – **FÉLAGSSLIT**
3. tillgångar förs över från en del av en näringsverksamhet till en annan del **om skattskyldighet föreligger för inkomst från den förra delen men inte för inkomst från den senare delen**
4. inkomsten från en näringsverksamhet helt eller delvis inte längre ska beskattas i Sverige på grund av ett skatteavtal, eller – **BROTTFALL FULLRAR SKATTSKYLDU**
5. tillgångar förs över från en del av en näringsverksamhet till en annan del **om den senare delen men inte den förra är undantagen från beskattning i Sverige på grund av ett skatteavtal**

Innebörden av uttagsbeskattning

Um tekjufærslu úttektar

Úttekt eignar eða þjónustu jafngildir sölu á hinu úttekna verðmæti á markaðsverði

- **7 §** Uttag av en tillgång eller en tjänst skal behandlas som om den avyttras mot en ersättning som motsvarar **marknadsvärdet** (uttagsbeskattning)
- EINS OG ÞIÐ SJÁIÐ ERU ÞESSAR REGLUR **ALGERLEGA** SAMBÆRILEGAR ÞEIM ÍSLENSKU

Ein- og tvískattlagning

Fyrirtæki - eigendur

- Hagnaður af rekstri er ýmist skattlagður einu sinni eða tvisvar
- Fyrri hluti skattlagningarinnar kallast úttektar-skattlagning og ræddum við um hana hér að framan
- Síðari hlutinn heitir hins vegar úthlutunar-skattlagning. Beinist hún að eiganda fyrirtækis og verður fjallað um hana hér á eftir

Einskattlögð fyrirtæki ekki tekjuúttekt heldur eignauúttekt

- **Einstaklingur í rekstri og sameignarfélög** eru einskatt lögð fyrirtæki. Hagnaður þeirra er því aðeins skatt lagður einu sinni. **Þessu er eins farið um úttektirnar**
- Verði eigandi uppvís að því að hafa tekið eign/vöru/ þjónustu út úr fyrirtækinu án þess að bóka úttektina sem sölu er því látið nægja að tekjufæra eignina o. s. frv. á **kostnaðarverði**/markaðsverði í fyrirtækinu
- Hið sama gildir um gjaldfærslu á einkakostnaði mannsins í fyrirtækinu sem rekstrarkostnaðar. Venjulega er því látið nægja að fella gjaldfærsluna niður

YSÚ 11/1997

Afleiðing af ofurúttekt, vaxtafrádráttur ...

- Í málinu var upplýst að kærandi hefði, þrátt fyrir neikvæða stöðu eigin fjár einkarekstrar, tekið út úr rekstrinum fé umfram reiknuð laun og hagnað ársins. Yfirséðanefnd tók í úrskurði sínum til umfjöllunar hvort þeirri úttekt, sem í málinu greindi, væru sett takmörk. Var komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að ekki væri að finna lagareglur um úttekt manna á fé úr einstaklingsrekstri, yrði að telja að einhver takmörk væru þar á
- Af eðli málsins, almennum reikningsskilavenjum og þeim grunnsjónarmiðum, sem byggja að baki lögfestum reglum um úthlutun arðs úr hlutafélögum og einkahlutafélögum, þætti meðal annars mega leiða þá reglu að úttekt eiganda úr einkarekstri **gæti því aðeins farið fram að því marki að eigið fé einkafirmans væri jákvætt, en gæti ella ekki skoðast úttekt í eiginlegum skilningi**
- Við mat á þessu bæri þó að líta til þess að mönnum, sem ynnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, væri skylt að telja sér til tekna endurgjald fyrir starf sitt og að sú skylda væri að meginstefnu til óháð því hvort rekstur skilaði hagnaði eða ekki. Ljóst þótti að úthlutun fjár til kæranda úr einkarekstri hans umfram þau mörk, sem telja yrði sett slíkum úttektum, hefði verið fjármögnuð með skuldsetningu rekstrarins
- Þar sem sú skuldsetning hefði gengið til að fjármagna einkaneyslu kæranda fengi ekki staðist að gjaldfæra vexti vegna hennar á rekstrarreikningi, sbr. grundvallarreglu 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981. Talið var að lækka bæri tilfærðar skuldir á efnahagsreikningi um oftaldar skuldir í rekstri og færa á skuldahlið skattframtals kæranda og hins vegar að lækka gjaldfærslu vaxta. Við lækkun vaxtagjalda í málinu var lagt til grundvallar hlutfall oftalinna skulda af heildarfjárhæð skulda, auk þess sem tekið var tillit til þess, hvenær féð var tekið út úr rekstrinum

Hliðaráhrif

Undantekningartilvik. Takmörkun á vaxtafrádrætti.

Hækkun reiknaðs endurgjalds

- Sé eigandi einstaklingsfyrirtækis eða sameignarfélags svo þurfta frekur á eigin fé fyrirtækis að það verður að taka lán til að eiga fyrir skuldum gefur augaleið að vextir af láninu **TENGJAST** meira/frekar manningum en rekstrinum
- Vextirnir eru því ekki **FRÁDRÁTTARBÆRIR** þegar svo stendur á. Valdi niðurfelling einkakostnaðar, sem rekstrarkostnaðar, verulegri hækkun á hagnaði kemur meira að segja til álita að hækka reiknað endurgjald eigandans

Úttekt á einstökum eignum

- Einstaklingsfyrirtæki og sameignarfélög
 - Peningar. Færist í gegnum eigið fé og veldur því almennt ekki skattlagningu
 - Vörur. Telst sala og leiðir því til tekjufærslu í rekstrinum. Aðeins er spurning hvort tekjufærsluna skuli miða við kostnaðarverð eða markaðsverð
- Hlutafélög, einkahlutafélög
 - Peningar og vörur færast á viðskiptareikning sem skuld eiganda við félag

Tvískattlögð fyrirtæki

- Hlutfélög og samvinnufélög eru tvískattlögð fyrirtæki. Tvískattlagningin lýsir sér svona:

Félag	Hlutfélag	Samvinnufélag
Hagnaður	100	100
Félagaskattlagning, fyrri liður	20	20
Hagnaður eftir skatt	80	80
Til úthlutunar	80	80
Skattur manns af úthlutun	17,6	17,6
Ráðstöfunarfé manns	63,4	63,4
HEILDARSKATTUR	37,6	37,6

Frelsi

- Tvískattlagning hlutafélagahagnaðar eins og við framkvæmum hana nefnist hin **klassíska aðferð**
- Er hún góðra gjalda verð þegar um einfaldan rekstur er að ræða: Hluthafa og eitt félag
- Þegar um er að ræða fyrirtækjakeðjur hentar aðferðin hins vegar síður

KEÐJUSKATTLAGNING ARÐS

hvernig hindrum við svona skattlagningu

Best væri að gera það með því að undanþiggja fenginn arð skatti algerlega. Hér á landi er viðtakandi félagi hins vegar leyft að draga arðinn frá tekjum. Í þeim tilfellum sem félag á fyrir tap af rekstri er afnám keðjuskattlagningarinnar því ekki algert

PARTIZIPATION EXEMPTION=ÞÁTTTAKENDAUNDANÞÁGA

Hagnaður	Maður	Móðir	Dóttir	Dóttir Dóttir	Dóttir Dóttir Dóttir
Hagnaður af rekstri	41,0	51,2	64,0	80,0	100,0
Félagaskattlagning		10,2	12,8	16,0	20,0
Hagnaður eftir skatt	41,0	41,0	51,2	64,0	80,0
Skattur manns af úthlutun	9,2				
Ráðstöfunarfé manns	31,8				
HEILDARSKATTUR úthlutaðs hagnaðar	68,2				

Skoðum 9. tölul. 31. gr. TSL

einungis venjulegur arður er frádráttarbær

Þá fjárhæð = arður = venjuleg
arðsúthlutun, lækkun, úthlutun
við félagsslit

- **Frá tekjum má draga:**

- Þá **fjárhæð** sem hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. og samvinnufélög, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. hafa fengið greidda í arð skv. **4. tölul. C-liðar 7. gr.** af hlutum og hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. **XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og laga nr. 138/ 1994, um einkahlutafélög**

HUGTAKIÐ ARÐUR

Aðeins venjulegur arður telst þó frádráttarbær

- Hugtakið arður skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. TSL er skilgreint í 11. gr. sömu laga. Samkvæmt því merkir það:
 1. **Venjulega arðsúthlutun, sbr. 74. gr. EHL. (XII. kafli)**
 2. **Lækkun hlutafjár, sbr. 34. gr. EHL (VII. kafli)**
 3. **Úthlutun við félagsslit, sbr. 89. gr. EHL. (XIII. kafli)**
 4. **og dulinn arð (sérhverjar aðrar tekjur af hlutareign)**
- **LÆKKUN HLUTAFJÁR OG ÚTHLUTUN VIÐ FÉLAGS SLIT TELST ÞVÍ AÐ FULLU TIL TEKNA**

Þróun hlutafélaga- og hluthafaskattlagningar árin 1996 til 2006 - afleiðingar

1. Upptaka sérstaks fjármagnstekjuskatts, sbr. lög nr. 97/1996. Arðskattur lækkaði úr 41% í 10% eða um 30%
2. Til að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins var tekjuskattur hlutafélaga svo lækkaður úr 33% í 18% árið 2003 og í 15% árið 2008
3. Á 10 árum fór heildarskattur af hagnaði því úr 61,10% í 23,5%, sbr. eftirfarandi töflu. Þar með varð skattlagning fyrirtækja á Íslandi einna lægst í heiminum


... og hverjar urðu afleiðingarnar

Fyrir 1996 úthlutuðu hlutafélög almennt ekki arði. Við gildistöku fjármagns-tekjuskattslaganna varð breyting á þessu. Og er einstaklingar í rekstri urðu þess varir að ódýrara var að gera fyrirtæki sín út í félagiformi en einstaklingsformi varð gríðarleg aukning t.d. á einkahlutafélagsforminu

Ár	1996	2003	2008
Hagnaður	100	100	100
Félagaskattur	33	18	15
Hagnaður eftir skatt	67	82	85
Einstaklingsskattur	28	8	9
Til ráðstöfunar	39	74	77
Heildarskattur	61,1	26,2	23,5
Einstaklingar í rekstri	41,93	38,54	35,72
Munur	+19	-12	-12

Tekjuskattar fyrirtækja í OECD-ríkjunum 2004-5.


Skattbyrði fyrirtækjaskatta sem % af vergri landsframleiðslu



Fjöldi


Rsk: Páll
Kolbeins

Fjöldi fyrirtækja 1993 til 2010 -Einstaklingar með rekstur og skattskyldir lögaðilar



Fjöldi fyrirtækja 1993 til 2010 -Breyting á milli ára

Fjöldi



Álagningarár

Viðbrögð ríkisins

sjá lög nr. 133/2001

- ❑ Hið opinbera brást við þessu með tvennum hætti
- 1. Í fyrsta lagi með því að skapa grundvöll til að skattleggja **óheimil lán/óheimila úttekt** sem laun eða gjöf, sbr. 2. mgr. 11. gr. TSL **OG**
- 2. Í annan stað með því að styrkja grundvöll reiknaðs endurgjalds
 - Reglan um að endurákvörðun reiknaðs endurgjalds mætti ekki mynda tap í rekstri **HJÁ FÉLÖGUM** var þannig afnumin
 - Áframhald var svo á þessari þróun 2009 með setningu laga nr. 128/2009. **KÍJUM NÁNAR Á ÞETTA:**

Óheimil hluthafalán

sjá 79. gr. laga um einkahlutafélög
rifja upp þróunina: 1978, 1996, 2001

- Einkahlutafélagi er óheimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán
- Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til **VENJU LEGRA VIÐSKIPTALÁNA**. Þá verður þeim ekki heldur beitt um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir
- Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers láns, framlags og tryggingar samkvæmt þessari grein

Lán myndast venjulega þannig að menn taka út úr félagi meira en reiknuðu endurgjaldi nemur

Tímalína	7	6	5	4	3	2	1	Endurákv
Ár	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Þróun láns	1.000.000	2.000.000	3.000.000	4.000.000	5.000.000	6.000.000	7.000.000	8.000.000
Lánsaukning		1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Þróun láns	8.000.000	7.000.000	6.000.000	5.000.000	4.000.000	3.000.000	2.000.000	1.000.000
Lánsminkun		-1.000.000	-1.000.000	-1.000.000	-1.000.000	-1.000.000	-1.000.000	-1.000.000

- Skattstjóri getur endurákvarðað 6 ár aftur í tímann. Til skatts á ári kemur þó aðeins **LÁNSAUKNING** hvers árs. Ef lánið er eldra en 6 ára og höfuðstóll lánsins hefur verið að **minka** allan tímann hefur skattstjóri því ekki heimild til að endurákvarða skatta manns
- Við endurákvörðun á sköttum er 25% álagi á hækkun tekjuskattsstofns beitt nær undantekningarlaust

„Venjuleg” viðskiptalán

- Eiganda hlutafélags er ekki bannað að eiga viðskipti við félag „sitt”
- **Og svo fremi að viðskiptin eru gerð á armslengdargrundvelli ættu menn ekki að þurfa að óttast neitt jafnvel þó þeir fái kaupverðið lánað um einhvern tíma**
- Í hugum flestra teljast slík lán nefnilega **VENJULEG VIÐSKIPTALÁN**. Ekki er þó víst að skattyfirvöld séu sammála því

Lögskýringargögn

Hvað sagði ALÞI NGI?

- Hluthafalán voru fyrst lýst óheimil með lögum nr. 137/1994 um breyting á lögum nr. 32/1978 um hlutafélög. Nánar, sjá þingskjal 438, 118. löggjafarþing 96. mál. Nú 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög
- **Um venjuleg hlutahafalán sagði þar:** „Takmörkunin nær **EKKI** til venjulegra viðskiptalána, t. d. **greiðslukortaviðskipta**, eða til lána til fyrirtækja, sem eru hluthafar, ef þau eru liður í viðskiptum og **venjubundin** bæði í fyrirtækinu og almennt í slíkum fyrirtækjum.“ **ERGO**
- **HUGTAKIÐ VENJULEG VIÐSKIPTALÁN BER AÐ SKÝRA ÞRÖNGT**

Ályktun

- Einungis lán sem eiga rót að rekja til sölu á vörum og þjónustu er fyrirtæki hefur aðal atvinnu af að selja telst **VENJULEGT** viðskipta lán skv. þessu
- Kaupi eigandi bifreið af hlutafélagi **SÍNU** og semji um að greiða kaupverðið með peningum og skuldabréfi/víxli getur hann því átt á hættu að lánið verði talið óheimilt viðskiptalán nema fyrirtækið stundi sölu á bifreiðum í atvinnu-skyni

Skoðað dóm

- Héraðsdóms Reykjavíkur dags. 5. maí 2011 í máli nr. E-6736/2010: Jón Kristján Kristjánsson og Slyngur ehf. gegn íslenska ríkinu

Óheimil úttekt í einkahlutafélögum

- Þegar lög nr. 133/2001 voru sett hélt maður í fyrstunni að einungis væri verið að búa til farveg fyrir skattlagningu **ÓHEIMILLA HLUTHAFALÁNA**, sbr. 3. mgr. A-liðar 7. gr. TSL er hljóðar svo:
 - Til tekna sem laun teljast og **lán til starfsmanna (ekki óheimil úttekt per se)** sem óheimil eru samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög
- Þetta mat reyndist rangt. **Í raun var verið að mæla fyrir um skattlagningu allra úttekta sem ekki eru heimilar skv. 98. gr., sbr. 99. gr. HLU og 73. gr., sbr. 74. gr. EHL**

Um þýðingu endurgreiðslu láns

Fælingamáttur

- Dómur hæstaréttar dags. 6. desember 2012 í málinu nr. 153/2012: Íslenska ríkið gegn Stefáni Ingvari Guðjónssyni og gagnsök
- Endurgreiðsla láns breytir engu um skattskylduna. Fari skuld yfir áramót er maður því í vondum málum

Hvernig stöndum við í alþjóðlegum samanburði

- Óheimil hluthafalán hafa verið skattskyld sem laun um árabil í Svíþjóð
- Lánveitandanum er meira að segja óheimilt að draga launin frá tekjum
- Í ágúst 2012 lagði danska stjórnin fram frumvarp til laga um skattskyldu óheimilla lána og var það samþykkt sem lög í sept. sama ár

Jyllands-Posten TORSdag 19. JULI 2012 NYHEDSBREVE RSS TIP OS

EPNdk

AKTIER	OBLIGATION	VALUTA
C20 477,04 1,44% ↑	3,5%-44 99,95 0,00% ↑	USD 6,06

5 1,15 Novo Nordisk B 899,00 7,00 Novozymes B 158,80 4,40 Pandora 60,

Forside Kurslister Investor Økonomi **Samfund** Privatøko. Finans Energi Fødevarer

Arbejdsmarked Miljø & Klima Politik & Skat Uddannelse

SAMFUND 19.07.12 kl. 22:30



Lånene har vundet enorm udbredelse blandt selskabsejere, og det koster samfundet skatteindtægter. Foto: Colourbox

Indgreb mod ulovlige aktionærlån

AF KRISTOFFER BRAHM | JESPER HØBERG

Med en ny lov vil regeringen i praksis sætte en stopper for ulovlige aktionærlån.

Det er de senere år blevet populært blandt selskabsejere at optage ulovlige aktionærlån, men det vil regeringen nu sætte en stopper for.

Fremover skal den type lån beskattes som almindelig løn allerede ved udbetalingen. Det fremgår af et lovforslag, der er sendt i høring efter regeringens skattereformaftale.

A STØRRE | MINDRE



RELATEREDE



Elementet er kommet med på anbefaling fra Skat, der vurderer, at der i 2010 var ulovlige aktionærlån for ca. 4 mia. kr.

Skat: Stort problem

»Det er et stort problem, hvor der er mange penge at hente,« siger Wicki Øland, chefkonsulent i Skat, og henviser til et projekt, som Skat har kørt i Midtjylland, og hvor det viste sig, at der var ulovlige aktionærlån i hvert femte tvangsopløste og konkursramte selskab.

Skats arbejde med tvangsopløste selskaber har åbenbart, at lånene i nogle tilfælde bliver brugt som et skattefrit alternativ til at hæve løn eller udbytte i selskabet, men den form for skatteomgåelse skal bringes til ophør.

»Det har hele tiden været ulovligt efter selskabsloven, men nu får det også en konsekvens efter skattelovgivningen. Dermed kan det ikke længere finde sted,« siger Viggo Lynggaard, specialkonsulent i Skat.

Sidste år undersøgte revisororganisationen FSR – danske revisorer omfanget af de ulovlige aktionærlån og konkluderede, at det var steget til 15.657, svarende til en fordobling siden 2006.

Stor milliongevinst

Forslaget om skattemæssigt at sidestille ulovlige aktionærlån med lønudbetalinger ventes at indbringe den danske statskasse 160 mio. kr. om året.

Skattereglerne er i dag indrettet således, at selskabsejeren kun beskattes af lånet, hvis det allerede på lånetidspunktet stod klart, at han ikke ville være i stand til at betale pengene tilbage. I modsat fald sker der ingen beskatning, og bliver selskabet senere tvangsopløst med en insolvent ejer, slipper han helt for at betale skat. Tvangsopløsningen af selskabet kan tilmed medføre et fradragsberettiget tab hos aktionæren.

De nye regler træder i kraft den 1. januar 2013, hvis lovforslaget vedtages.

Googlið: AKTIONÆRLÅN

- **VISSE AKTIONÆRLÅN BLIVER SKATTEPLIGTIGE**
- Som en del af den seneste skattereform har Folketinget vedtaget et lovforslag, som bl.a. indeholder ændrede regler for beskatning af aktionærlån til fysiske personer med **bestemmende indflydelse** i det - danske eller udenlandske - selskab, der yder lånet. De ændrede regler har til hensigt at fjerne det skattemæssige incitament til aktionærlån som alternativ til løn og udbytte. Nedenfor beskrives hovedtrækkene i de ændrede beskatningsregler samt i de selskabsretlige regler for aktionærlån
- **Ændrede regler for beskatning af aktionærlån**
- Den 13. september 2012 vedtog Folketinget lovforslag L199A/2011-12, der bl.a. indfører beskatning af aktionærlån til fysiske personer med en særlig tilknytning til det långivende selskab. Reglerne har virkning for aktionærlån, der er optaget fra og med den 14. august 2012, selvom loven først træder i kraft den 1. januar 2013. **Bestående aktionærlån fra før 14. august 2012 berøres ikke. Aktionærlån beskattes herefter forskelligt afhængig af, om de bliver ydet (i) til fysiske personer med bestemmende indflydelse over det långivende selskab eller (ii) til andre fysiske personer, selskaber eller andre juridiske personer**

Aðeins
hluthafafundur
getur úthlutað

Um ákvæðin nánar HVAÐ SEGJA ÞAU ...

allt í stáli

- **73. gr.** Óheimilt er að úthluta af fjármunum félagsins til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um **1)** úthlutun arðs **SEM 2)** endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða **3)** vegna félagsslita
- Öll úthlutun sem fram fer andstætt þessu ákvæði telst semsé óheimil. **ÞAÐ ER ALVEG FORTAKSLAUST.** Taki eigandi út meira en reiknuðu endurgjaldi nemur, láti félagið greiða fyrir sig einkakostnað sinn o. fl. er hann því í vondum málum

Um úthlutun arðs í einkahlutafélagi

hvenær er úthlutun óheimil

- Úthlutun arðs þarf bæði að fullnægja ákveðnum **form** og **efniskilyrðum**
- Formskilyrðin hafa að geyma reglur um það hvaða stofnun félags hefur rétt til að ákveða arð og á hvaða grundvelli henni beri að byggja arðsákvörðun sína
- Skv. 76. gr. EHL skal **HLUTHAFAFUNDUR** ákveða arðsúthlutun skv. tillögu félagsstjórnar. Stjórn ber semsé að leggja til að hluthöfum sé greidd ákveðin fjárhæð í arð og má hluthafafundur ekki úthluta hærri fjárhæði, sem arði, en stjórnin leggur til
- Ath. mál Fons ... Dómur dags. 4. des. 2014

Aðalfundur og aukafundur

- Í umræðu manna á meðal undanfarin misseri hefur svoldið verið deilt um það hvort skilyrðislaust beri að ákveða arðsúthlutun á **aðalfundi** eða hvort bæði **aðalfundur og aukafundur** í félagi séu bærir til að taka slíka ákvörðun
- Þá eru menn byrjaðir að velta vöngum yfir því hvort aðeins megí úthluta arði **einu sinni á ári** eða eins oft og verkast vill svo fremi að ársreikningurinn leyfi það á annað borð

Hvað segja lögin?

- Í 59. gr. laga um einkahlutafélög ræðir um **AÐALFUND** og segir þar að hann beri að halda eftir því sem félags-samþykktir ákveða, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, meðal annars til að taka ákvörðun um:
 - Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu
- Í 60. gr. ræðir svo um aukafundi og segir þar að þá skuli halda þegar félagsstjórn telur þörf á því. Hvergi er þar þó minnst á arðsúthlutun og virðist því bera að líta svo á að ákvörðun hennar heyri alfarið undir **AÐALFUND**
 - Arðsúthlutun sem aukafundur ákveður **getur því** hugsanlega talist **óheimil arðsúthlutun** skv. 2. mgr. 11. gr. TSL

Má halda aðalfund oftár en einu sinni á ári

- Skv. einkahlutafélagalögum ber að halda aðalfund eigi síðar en 8 mánuðum eftir lok reikningsárs
- Oftast er þetta eini aðalfundur félagsins á rekstrarárinu og fer hann venjulega fram á skrifstofu endurskoðanda / bókhaldara og er nær oftast formlaus
- Ekkert er hins vegar til fyrirstöðu að halda aðalfundi oftár og það ber auðvitað að gera ef ætlunin er að úthluta arði

Formlegar kröfur nánar

- Ársreikningur verður að fullnægja lágmarks kröfum skv. ársreikningslögum
- Stjórn verður auk þess að gera grein fyrir tillögu um arðsúthlutun í skýrslu sinni, sbr. 2. mgr. 65. gr. ÁRS. Nánar sjá
 - **Sjá dóm dags. 4. desember 2014 í málinu nr. 786/2013 í máli Protabús Fons hf. gegn Matthews Holding S.A. Jóhannesi Kristinssyni og Pálma Haraldssyni og gagnsök**

Hin efnislegu skilyrði

Hverju má úthluta, sjá **74. gr. EHL**

- Einungis er heimilt að úthluta sem arði **1)** hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, **2)** yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og **3)** frjálsum sjóðum
- ... eftir að dregið hefur verið **FRÁ TAP** sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa

Samþykktur ársreikningur

Arðsúthlutun byggist á samþykktum ársreikningi. Áður en arðsúthlutun er ákveðin þarf ársreikningurinn því að hafa verið borin upp og samþykktur af meirihluta hluthafa á aðalfundi

- 1. Hagnaður rekstrarársins.** Mismunur á heildartekjum og heildargjöldum þar með talið reiknuðum tekjuskatti ársins það er umliðins árs, ársins sem var að líða
 - Almennt er því ekki unnt að **úthluta fyrirfram upp í væntanlegan arð/hagnað ársins**
- 2. Yfirfærður hagnaður vegna fyrri ára.** Hér er umfram allt átt við **Óráðstafað eða annað eigið fé, það er frjálsa sjóði.** Mismunur á heildareignum og heildarskuldum þar með töldu hlutafé
- 3. Frjálsir sjóðir.** Sjóðir sem félag er ekki skuldbundið að ráðstafa á neinn ákveðinn hátt skv. lögum eða samþykktum

Yfirverðsreikningur

Sjá Stefán Má Stefánsson, bls. 362

- Við hækkun hlutafjár kemur stundum fyrir að greitt sé meira fyrir hlut en nafnverði hans nemur
- Gerist það - er umframverðið lagt á sérstakan reikning: yfirverðsreikning
- Stundum heyrir spurt hvort unnt sé að úthluta yfirverðinu sem arði og er því til að svara að svo er ekki
- Útborgunin verður að fara í gegnum lækkun hlutafjár

Hverju má úthluta?

SKÝRING VIÐ ÁRSREIKNING 2018

			Óráðstafað	
Eigið fé	Hlutfé	Varasjóður	eigið fé	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári	500.000	125.000	-13.568.962	-12.943.962
Greiddur arður (hámark). Fylla út				0
Hagnaður (tap) ársins			23.270.668	23.270.668
Staða 31.12.2018	500.000	125.000	9.701.706	10.326.706

HVERJU MÁ ÚTHLUTA SEM ARÐI 2017. Þú mátt úthluta 9.701.706 kr. Ath. ekki má taka arðinn út fyrirfram t.d. árið 2015. **Ef það er gert verða afleiðingarnar þessar:**

Skatturinn hjá eigandanum fer úr 22,00% í 46,24%

Ár 2018. Álagning 2019 vegna 2018	Var	Verður
Úthlutun	9.701.703	9.701.703
25% álag. Reiknaðar tekjur		2.425.426
Tekjuskattsstofn	9.701.703	12.127.129
Arðsskattur; 22%	2.134.375	
Tekjuskattur; 46,24%		5.607.584
Skattar alls. Hækka úr	2.134.375	5.607.584
Til ráðstöfunar	7.567.328	4.094.119

Hins vegar fær maðurinn væntanlega endurgreiddan arðsskatt að fjárhæð 22% af 9.701.703 + ...

Félagið fær hins vegar endurgreiddan skatt ... gengið út frá skatthlutföllum 2018

Álagning árið	2019
Launakostnaður eykst	9.701.703
Mótframlag hækkar	776.136
Tryggingagjald vex	717.732
Lækkun tekjuskattsstofns	11.195.571
TEKJUSKATTSSPÖRUN	2.239.114
Mínus mótframlag: 8%	-776.136
Mínus tryggingagjald: 6,85%	-717.732
Endurgreiðsla tekjuskatts alls	745.246
Nettóskattur til greiðslu:	4.862.338

Óheimil arðsúthlutun

- Úthlutun er óheimil ef hún stríðir gegn þessum reglum. Í framkvæmd er algengast að reyni á það við
 1. **Óheimil hluthafalán.** Maður tekur út úr félagi hærri fjárhæð en reiknuðu endurgjaldi sínu nemur. Vegna þessa myndast smám saman skuld hjá honum gagnvart félaginu
 2. **Fyrirfram úthlutanir.** Hagnaði ársins er „úthlutað“ fyrir áramót ... Úthlutunin telst því ekki **FENGINN ARÐUR** heldur **VEITT LÁN**
 3. **Dulinn arð.** Félag bókar einkakostnað hluthafa sem rekstrarkostnað. Hér er um aragrúatilvika að ræða



FRJÁLST,
ÓHÁÐ
DAGBLAÐ

Like 22K

Fréttir Sport Fólk Blogg Brennidepill Menning Sandkorn Leiðar

Tryggvi þögull um 25, milljóna króna lán

Gefur ekki upp hvort hann sé í skilum

Aðalsteinn Kjartansson adalsteinn@dv.is

07:00 · 28. MAÍ 2011



Tryggvi Þór Herbertsson sagðist ætla að endurgreiða lánið árið 2010.


„Ég held að þetta hljóti nú að falla undir einkamál, mín persónulega fjárhagslega staða," segir Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem fékk 25,5 milljóna lán frá eigin einkahlutafélagið árið 2007, aðspurður hvort hann hafi greitt lánið til baka.

Slík lán eru alla jafnan ólögleg en Tryggvi sagði að sitt lán væri það ekki þar sem það væri viðskiptalán. Í samtali við DV á síðasta ári sagðist hann ætla að endurgreiða lánið árið 2010. „Eina sem ég vill segja að ég gaf ykkur upplýsingar á sínum tíma en annars lít ég á þetta sem mitt einkamál," sagði hann núna um sama lán.

Tryggvi Þór er fyrrverandi forstjóri fjárfestingabankans Askar Capital en einkahlutafélagið sem lánaði honum var stofnað til að halda utan um hlutabréf hans í bankanum. Félagið fékk samtals 300 milljónir króna að láni frá Öskum og Glitni til hlutabréfakaupa hans í bankanum. Félagið, sem heitir Varnagli, lánaði svo Tryggva þann 12. júní 2007. Lánið var að mestu í erlendum myntum, jenum, svissneskum frönkum og evrum en tíu prósent lánsins voru í íslenskum krónum.

Lánið hefur að öllum líkindum stökkbreyst eins og önnur gengislán hafa gert eftir efnahagshrunið. Á síðasta ári hafði þó Tryggvi Þór ekki annað í hyggju en að borga lánið á gjalddaga. „Ég hef aldrei gert annað en að borga skuldir mínar," sagði hann í samtali við DV.

Tryggvi Þór lét þau ummæli falla í síðustu viku að hann væri ekki sáttur með launin sem hann fær sem þingmaður. Hann sagði í viðtali í kvöldfréttum Sjónvarpsins 17. maí síðastliðinn að margir þingmenn sem tilheyruðu „efri millistétt", eins og hann sjálfur, þyrftu að borga með sér.



SVEINN ANDRI TÓK SÉR 50 MILLJÓNA ARÐ ÞRÁTT FYRIR SKULDIR



Sveinn Andri Sveinsson þorir ekki að fara með það hversu mikið Reykivískir lögmenn, félag í hans elgu skuldaði í opinber gjöld. (Mynd DV)

06:10 • 7. FEBRÚAR 2011

06:10 • 7. FEBRÚAR 2011

Lögmaðurinn Sveinn Andri Sveinsson greiddi sér nærri 50 milljóna króna arð út úr félaginu Reykivískir lögmenn ehf. á árunum 2008 og 2009. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði félagið gjalprota þann 19. janúar.

Endurskoðandi sem DV ræddi við segir að það sé einkennilegt að hæstaréttarlögmaður skuli greiða sér 28 milljónir króna í arð út úr einkahlutafélagi árið 2008 á sama tíma og það skuldi 17 milljónir króna í opinber gjöld. Árið 2009 greiddi hann sér síðan arð upp á 18 milljónir króna þrátt fyrir að skulda ennþá ógreiddu opinberu gjöldin frá árinu áður. Sveinn Andri segist gera skil á sínu geri skatturinn einhverjar athugasemdir.

„Ekki stórar fjárhæðir“

Í ársreikningi félagsins árið 2008 kemur fram að ógreidd opinber gjöld nemi um 17 milljónum króna. Ári síðar gefur Sveinn Andri ekki skýringu á ógreiddum opinberum gjöldum líkt og hann hafði gert á árunum 2006 til 2008. Þess í stað eru ógreidd opinber gjöld skýrð sem skammtímaskuldir árið 2009. Skammtímaskuldir félagsins námu fjórum milljónum króna árið 2007, 21 milljón króna árið 2008 og námu 25 milljónum króna árið 2009. Langstærsti hluti þessara skammtímaskulda eru ógreidd opinber gjöld.



Tilgreiningaskyldan

Sjá 53. gr. ársreikningslaga. Baugsmálið, sbr. dóm hrd. dags. 5. júní 2008 í máli nr. 385/2007

- Stjórn félags er skylt að tilgreina fjárhæðir lána o. fl. sem veittar hafa verið félagsaðilum eða stjórnendum félags ... sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála
- Í ársreikningum er venja að gera þetta undir liðnum: **KRÖFUR Á HENDUR EIGENDUM í eignakaflanum** og fullnægi stjórnin því er **hægðarleikur** fyrir skatt yfirvöld að endurákvarða opinber gjöld hlutaðeigandi aðila
- Freistandi getur því verið að dylja lánið undir öðrum skamm tímakröfum og er almennt ekkert hægt að segja við því

Endurákvörðun opinberra gjalda

Ath. breytingu skv. lögum nr. 133/2001

sbr. 2. mgr. 11. gr. TSL

- Áður fyrr var ýmist að **óheimil úttekt** væri skattlögð sem **arður** eða **laun/gjöf**. Fór eftir fjárhæð reiknaðs endurgjalds hlutareiganda
- Frá 1. janúar 2002 hefur úttektin hins vegar alfarið verið skattlögð sem laun eða gjöf
 - Úthlutun verðmæta skv. 1. mgr. til hluthafa eða hlutareiganda sem jafnframt er **STARFSMAÐUR FÉLAGS**, eða tengds félags, telst vera laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. **ef hún er óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög**
 - Ef úthlutun til **annarra en starfsmanna** er **óheimil skv. lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög** skal skattleggja úthlutunina sem tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. það er sem gjöf
 - **Ath. vel að stærð eignarhluta manns skiptir ekki máli. Maður sem á 1% í félagi sætir því jafnt launa/gjafa skattlagningu og maður sem á 99% í félaginu**

Úrskurður nr. 125/2009

Gjaldár 2003-2005

- **Kærandi, sem var framkvæmdastjóri og stjórnarmaður í Y ehf.** og eigandi alls hlutafjár í félaginu, fékk greiðslur frá Y ehf. á árunum 2002, 2003 og 2004 sem tilgreindar voru sem lán í bókum félagsins. Í úrskurði yfirséðanefndar kom fram að umræddar greiðslur Y ehf. hefðu ekki verið heimilar að lögum sem lánveitingar til kæranda, enda þótti vafalaust að ekki væri um venjuleg viðskiptalán að ræða. Þá var ekki fallist á með kæranda að líta bæri á greiðslurnar sem venjulega arðsúthlutun, enda hefði lagaskilyrðum um úthlutun arðs ekki verið fullnægt
- **Í málinu hafði skattstjóri miðað við að umræddar úttektir teldust til skattskyldra tekna hjá kæranda sem laun í skattframtali hans árið 2003 en sem gjafir í skattframtölum árin 2004 og 2005 þar sem kærandi hefði aðeins fengið laun frá félaginu fyrsta árið.** Yfirséðanefnd taldi að skýra yrði ákvæði 3. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 til samræmis við 2. mgr. 11. gr. sömu laga þannig að fyrrnefnda ákvæðið tæki til starfsmanns sem jafnframt væri hluthafi. Var fallist á með kæranda að fara bæri með úthlutunina sem launatekjur kæranda samkvæmt hinu fyrrnefnda lagaákvæði öll umrædd tekjuár **burtséð** frá því hvort kærandi hefði reiknað sér endurgjald vegna starfa í þágu Y ehf.
- **Vegna athugasemda kæranda um endurgreiðslur var tekið fram að eftir breytingar á skattareglum um óheimilar lánveitingar til hluthafa og stjórnenda með lögum nr. 133/2001 væri ótvírætt að endurgreiðslur slíkra lána hefðu ekki þýðingu varðandi þá skattlagningu sem lögin mæltu fyrir um í þessum tilvikum, enda væru ákvæði laganna fortakslaus að því leyti. Í því sambandi gæti heldur ekki skipt máli af hvaða ástæðum endurgreiðslur færu fram eða með hvaða hætti, í tilviki kæranda með skuldajöfnuði á grundvelli arðsúthlutunar síðar. Kröfu kæranda um niðurfellingu 25% álags var hafnað**

Samspil reiknaðs endurgjald og óheimilla úttekta

lokamálsliður 1. mgr. 58. gr. TSL

- Kæmi í ljós við endurskoðun á skattskilum hluthafa að hann hafði bæði reiknað sér **of lág laun** og gerst sekur um **óheimila úttekt** létu skattyfirvöld hér áður fyrr vera að gera honum tekjuauka vegna úttektarinnar ef hún rúmaðist innan vanáætlunar/greiðslu á reiknaða endurgjaldinu
- Frá og með 1. janúar 2010 bætist hinn óheimila úttekt hins vegar við vanáætlun/greiðslu hins reiknaða endurgjalds. Sjá nánar 10. gr. laga nr. 128/2009 er hljóðar svo: **Akvörðun reiknaðs endurgjalds samkvæmt þessari málsgrein er ÓHÁÐ ÁKVÖRÐUN LAUNA skv. 11. gr**

Hlutareigandi er starfsmaður

Óheimil úttekt = 1.000.000 kr.

Vanáætlun reiknaðs endurgjalds = 1.000.000

Fyrir lögfestingu 10. gr. laga nr. 128/2009

Ef hlutareigandi er starfsmaður getur félag dregið launahækkun hans frá tekjum sem rekstrarkostnað og mildar það aðeins skatthækkunina. Teljist hluthafinn hins vegar ekki starfsmaður á félagið engan frádráttarrétt, sbr. 1. tölul. 50. gr. TSL

Skattaðili	Félag	Hluthafi
Vanáætlun reiknaðs end .. = Óheimil úttekt	1.000.000	1.000.000
Álag. 25%		250.000
Lækkun/Hækkun samtals		
Lífeyrissjóður. 8% mótframlag	80.000	
Tryggingagjald. 6,85%	73.980	
Lækkun/Hækkun að teknu tilliti til frádráttar	1.153.980	2.500.000
Skattur. 20% og 46,24%	230.796	1.156.000
Viðbótarskattur er því : 1.156.000 – 230.796 =		925.204

Hvað sagði Alþingi um breytinguna

Sjá 11. gr. frumvarps til laga nr. 128/2009

- Lagt er til að ríkisskattstjóri setji viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald sem fjármálaráðherra staðfesti. Þá er lagt til að tekinn verði af allur vafi um það að reiknað endurgjald skv. árlegum viðmiðunarreglum **ER** miðað við **almenn mánaðarlaun ÁN HLUNNINDA** og er þannig lágmarksfjárhæð
- Þannig skal t.d. tekjufæra bifreiðahlunnindi **til viðbótar reiknuðu endurgjaldi** samkvæmt viðmiðunarreglum en **óheimilt er að lækka þær lágmarksfjárhæðir sem hlunnindunum nemur**
- Enn fremur eru tekin **af tvímæli um að þegar arðgreiðslur skal telja til launa skv. 1. eða 2. mgr. 11. gr. er eigi heimilt að LÆKKA lágmarksviðmiðun reiknaðs endurgjalds sem þeim nemur**

Hlutareigandi er starfsmaður

Óheimil úttekt = 2.000.000 kr.

Vanáætlun reiknaðs endurgjalds = 2.000.000

Eftir lögfestingu 10. gr. laga nr. 128/2009

Ef hlutareigandi er starfsmaður getur félag dregið launahækkun hans frá tekjum sem rekstrarkostnað og mildar það aðeins skatthækkunina. Teljist hluthafinn hins vegar ekki starfsmaður á félagið engan frádráttarrétt, sbr. 1. tölul. 50. gr. TSL

Skattaðili	Félag	Hluthafi
Vanáætlun reiknaðs end .. = Óheimil úttekt	2.000.000	2.000.000
Álag. 25%		500.000
Lækkun/Hækkun samtals	2.000.000	2.500.000
Lífeyrissjóður. 8% mótframlag	160.000	
Tryggingagjald. 6,85%	147.960	
Lækkun/Hækkun að teknu tilliti til frádráttar	2.307.960	2.500.000
Skattur. 20% og 46,24%	461.592	1.156.000
Viðbótarskattur er því : 1.156.000 – 461.592=		347.204

VARNARBARÁTTA HLUTAFÉLAGA skamt stórra högga á milli

- Eins áður greindi olli munurinn á skattlagningu hlutafélaga og einstaklinga í rekstri því að flótti brást á í lið hinna síðarnefndu
- Í kjölfarið stofnuðu margir einstaklingar í rekstri einkahlutafélög og þar sem alkunna er að **EFTIRLITIÐ** með ákvörðun reiknaðs endurgjalds hjá eigendum þeirra er minna en hjá einstaklingum í rekstri varð hið opinbera **fyrir tekjutapi** svo ekki sé talað um sveitarfélögin
- Til að vinda ofan af þessari tilhneigingu og treysta betur tekjugrunn ríkisins var því ákveðið með 3. gr. laga nr. 128/2010 að **skipta úthlutuðum arði** við skattlagningu í **laun og arð** eftir fjárhæð eiginfjár hlutaðeigandi fyrirtækis

Skipting fengins arðs í arð og laun

sanngjarnt - ekki sanngjart, - skoðum meðrök og mótrök

Arður sem rúmast innan 20% af eigin fé ber ávallt að skattleggja sem

FJÁRMAGNSTEKJUR

TÓK GILDI 1. JAN. 2010

- Hjá þeim skattaðilum **sem skylt er að reikna sér endurgjald** skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. 50% af heimilum úthlutuðum arði skv. lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög,
- **að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals UMFRAM 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs**

Hvað sagði Alþingi?

- Undanfarin ár hefur orðið mikil fjölgun á einkahlutafélögum, meðal annars um rekstur sem áður var almennt stundaður í eigin nafni viðkomandi rekstraraðila
- Brögð hafa líka verið að því að launagreiðslum til **ráðandi aðila** hafi verið haldið í algeru lágmarki á sama tíma og greiddur hefur verið verulegur arður úr félögunum. **Þessi aðferð við úttekt úr rekstri hefur skapað óeðlilegt misræmi í skattlagningu heildartekna á milli rekstrarforma og haft þannig áhrif á ráðstöfunartekjur eigenda rekstrar, auk þess að skerða tekjur sveitarfélaga**
- Af þessum sökum er lögð til **EINFÖLD** breyting á skattlagningu á úthlutuðum heimilum arði ef úthlutunin fer yfir tiltekin mörk. Fari heimil arðsúthlutun þannig samtals yfir 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags telst það sem umfram er til helminga laun og arður, **þegar móttakanda hans ber stöðu sinnar vegna að reikna sér endurgjald í samræmi við 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 58. gr. laganna**
- **Sá hluti arðs sem fara ber með sem laun myndar stofn til tryggingagjalds í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald**
- Ekki þykir óvarlegt að miða við fyrrgreint hlutfall þegar litið er til eðlilegrar ávöxtunar á eigin fé. Engin breyting verður á skattlagningu arðs, sem óheimilt er að úthluta, samkvæmt lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Þá hefur ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein ekki áhrif á réttilega ákvörðuð reiknuð laun samkvæmt viðmiðunarreglum þar um

Túlkun ríkisskattstjóra

Umfang skyldunnar er Óljós

- „... sem skylt er að reikna sér endurgjald ...” Vinnandi hluthafar gagnstætt ekki vinnandi hluthöfum. Ekki eru þó allir vinnandi hluthafar skyldir að reikna sér endurgjald heldur aðeins þeir sem eru **RÁÐANDI**. Það túlkaði ríkisskattstjóri upphaflega svo:
- ✓ **Maður telst ráðandi aðili ef hann sjálfur, maki hans, venslamaður eða annar nátengdur aðili er í stjórn félagsins eða framkvæmda stjórn þess eða ef hann, einn eða ásamt maka eða öðrum tengda- og venslamönnum eða **SAMSTARFSMÖNNUM**, Á ÞAÐ STÓRAN HLUTA Í FÉLAGINU AÐ ÆTLA MEGI AÐ ÞAÐ HAFI ÁHRIF Á ÁKVÖRÐUN LAUNANNA**
- Tengsl þessi teljast á sama hátt vera fyrir hendi ef um er að ræða óbeina eignar- eða stjórnunaraðild svo sem starfi maður hjá dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi félags sem hann hefur ráðandi stöðu í
- Vafasamt er þó að þessar kröfur hafi nægilega lagastoð í 58 gr. TSL

Eru „... samstarfsmenn ...“
uppfynning ríkisskattstjóra?
Nánar, sjá 4. mgr. 58. gr. TSL

- „Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem → **hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar eða venslamenn** hafa **RÁÐANDI STÖÐU** vegna → eignar- eða stjórnunaraðildar.“ Takið eftir að hér er hvergi minnst á **SAMSTARFS MENN**

Dæmi

Tekjuár 2010, álagningarár 2011

- Hjá fyrirtækinu X ehf. vinna 100 manns. Af þessum fjölda eiga um 25 starfsmenn um 3% í félaginu hver
- Samtals nemur eignarhlutur starfsmannanna því 75%. Teljast starfsmennirnir ráðandi í skilningi reglna um reiknað endurgjald
- ... og ef svo er hvernig skyldu þeir upplifa úthlutun sína ef ótilgreindur **ekki vinnandi** fagfjárfestir á 25% í félaginu

Mismunun

Varla telst það sanngjarnt?

Skattlagning árið 2010

	Ekki vinnandi	Vinnandi hluthafi		
Félag	hluthafi	1. þrep	2. þrep	3. þrep
Hagnaður	100	100	100	100
Félagaskattur	18	18	18	18
Eftir skatt	82	82	82	82
Arðskattur. 18% af 41	14,76	7,38	7,38	7,38
Launatekjuskattur. x% af 41	0,0	15,3	16,4	18,9
Heildarskattur er því	32,8	40,6	41,8	44,3
Til ráðstöfunar eftir skatt	67,2	59,4	58,2	55,7

Hér er gert ráð fyrir að eigið fé fyrirtækis sé 0 kr. eins og reyndin var hjá flestum fyrirtækjum 2010

ÓÁNÆGJA

- Þessi skattlagning fór mjög fyrir brjóstið á atvinnulífinu
- Í tengslum við kjarasamningana vorið 2011 gerðu Samtök atvinnulífsins því samkomulag við stjórnvöld um:
 - túlkun á hugtakinu **RÁÐANDI AÐILI** í 58. gr. TSL. Túlkunin var þó ekki ókeypis eins og eftir farandi útreikningar sýna

„Óháður aðili“

Sjá 3. gr. laga nr. 73/2011

4. mgr. 58. gr. laganna orðist svo:

- Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar [~~eða venslamenn~~] hafa **RÁÐANDI STÖÐU** vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, þó ekki ef um er að ræða starf á vegum lögaðila sem skráður er á opinberum verðbréfamarkaði
- Maður telst hafa **ráðandi stöðu** í þessu sambandi ef hann **einn** eða ásamt maka, börnum, foreldrum, **systkinum** eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila **ENDA EIGI HVER UM SIG A.M.K. 20% HLUT Í ÞEIM LÖGAÐILA**
- Ákvæði 1. og 2. málsl. skulu einnig gilda um starfandi hluthafa sem ekki eru tengdir fjölskylduböndum - **SAMSTARFSMENN**

Nákomnir ættingar

sjá t.d. 3. gr. gjaldprotaskiptalaga

Orðið nákomnir er í lögum þessum notað um þá sem eftirfarandi tengsl standa milli:

1. hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð,
2. þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta lið til hliðar, en með skyldleika er í þessu sambandi einnig átt við tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur,
3. þá sem tengjast með hjúskap eða óvígðri sambúð með sama hætti og um ræðir í 2. tölul.,
4. mann og félag eða stofnun sem hann eða maður honum nákominn á verulegan hluta í [eða þar sem hann eða maður honum nákominn situr í stjórn eða stýrir daglegum rekstri],1)
5. [tvö félög eða stofnanir ef annað þeirra á verulegan hluta í hinu eða maður nákominn öðru þeirra á slíkan hluta í hinu, situr þar í stjórn eða stýrir daglegum rekstri],1)
6. menn, félög og stofnanir sem eru í sambærilegum tengslum og um ræðir í 1.–5. tölul.

1. gr. laga nr. 73/2011:

Í stað 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna kom
tveir nýir málslíðir, svohljóðandi

1. Hjá þeim skattaðilum sem er skylt að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. **skal telja til tekna** 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs, **og skattleggja í samræmi** við 5. mgr. 66. gr. – **Gamalt að stofni**
2. **Þannig ákvarðaðar tekjur mynda hvorki stofn til tryggingagjalds né lífeyrисиðgjalds né teljast til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar hjá greiðanda - Nýtt**

Sjá •
nánar
66. gr.
TSL

Tekjuskattshlutfall á þann hluta úthlutaðs arðs sem telst vera laun skv. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. skal vera skv. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar. Þessar tekjur skulu þó ekki vera meðtaldar þegar reiknuð er millifærsla milli skattþrepa skv. 4. tölul. 1. mgr. – **skattleggst skv. þrepi 2 með 40,21% skatti, 40,24% skatti frá 1. jan. 2012 og 40,22% skatti frá 1. jan. 2013**

Heildarskattlagning rekstrarhagnaðar

Árið 2011

Hlutafélag	1. þrep	2. þrep	3. þrep
Hagnaður	100	100	100
Félagaskattur	20	20	20
Arður til úthlutunar	80	80	80
Arðskattur (20% af 40)	8	8	8
Launatekjuskattur (40,21% af 40)	16,08	16,08	16,08
Heildarskattur	44,08	44,08	44,08
Til ráðstöfunar eftir skatt	55,92	55,92	55,92

Tekjuskattshlutfall á þann hluta úthlutaðs arðs sem telst vera laun skv. 3. másl. 1. mgr. 11. gr. skal vera skv. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar. Þessar tekjur skulu þó ekki vera meðtaldar þegar reiknuð er millifærsla milli skattþrepa skv. 4. tölul. 1. mgr. – **skattleggst skv. þrepi 2 með 40,21% skatti árið 2011 og með 40,24% skatti árið 2012**

Afleiðingin?

MENN flýgja einkahlutafélagsformið og stofna í staðin sameignarfélag eða samlagsfélag. Þar er úttektin nefnilega skattfrjáls

Nýskráningar árið	2009	2010	2011	2012
Sameignarfélag almennt (sf)	44	107	77	85
Samlagsfélag, almennt (slf)	97	427	271	307
Hlutfélag, almennt (hf)	17	4	6	20
Einkahlutafélag (ehf)	2.625	1.623	1.700	1.745
Samlagshlutfélag	4	2	10	15
Samvinnufélag (svf)	-	1	1	-

Mál nr. 514/2016

Dómur Hæstaréttar dags. 23. nóvember 2017

Ákærvaldið gegn X

- X var ákærður fyrir fjárdrátt með því að hafa dregið sér rúmar 79 milljónir úr einkahlutafélagi sem hann átti helmingshlut í, vann hjá og var fyrirvarsmaður fyrir. Var X í fyrsta lagi gefið að sök að hafa í 92 tilvikum greitt reikninga vegna byggingar húss í sinni eigu af bankareikningi félagsins. Í öðru lagi að hafa í 5 tilvikum greitt reikninga vegna framkvæmda við iðnaðarhúsnæði í sinni eigu af bankareikningi félagsins. Í þriðja lagi að hafa í 38 tilvikum og án skýringa, ýmist millifært á eigin reikninga eða tekið út fé af bankareikningi félagsins og í fjórða lagi að hafa í 45 tilvikum millifært fjármuni af bankareikningi félagsins inn á eigin reikninga með þeirri skýringu að um væri að ræða laun til sín. Fyrir lá að ríkisskattstjóri hafði á grundvelli skattrannsóknar tekið álagningu gjalda X til endurskoðunar, talið umræddar greiðslur til launa X og hækkað tekjuskattstofn hans því til samræmis á því tímabili er um ræddi að viðbættu álagi. X krafðist þess aðallega að málinu yrði vísað frá dómi þar sem saksóknin á hendur honum væri andstæð 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu um bann við því að maður sæti lögsókn eða refsingu að nýju í sakamáli sem hann hefur þegar verið sakfelldur fyrir. Vísaði X í þeim efnum til þess að honum hefðu þegar verið gerð viðurlög fyrir ætluð brot með álagi sem ríkisskattstjóri hefði bætt við gjaldstofna við endurákvörðun gjalda hans. Hæstiréttur vísaði hins vegar til þess að umrætt álag hefði falið í sér viðurlög fyrir þá háttsemi X að hafa skilað efnislega röngum skattframtölum þar sem tekjur hans hefðu verið vantaldar. Í því máli sem hér um ræddi væri X hins vegar gefið að sök brot gegn 247. gr. laga nr. 19/1940 með því að hafa í 180 tilvikum dregið sér fé frá umræddu félagi. Lyti málið því hvorki að sömu brotum né sömu háttsemi eða athöfnum og X hefði sætt viðurlögum fyrir með úrskurði ríkisskattstjóra. Var kröfu X um frávísun málsins því hafnað. Að öðru leyti vísaði Hæstiréttur til þess að rannsókn málsins hefði verið í ýmsu áfátt og engin teljandi gögn lögð fram um fjárhag félagsins, færslur í bókhaldi þess eða stöðu einstakra reikningsliða þar á mismunandi tímum. Væri því ekki við annað að styðjast en þær takmörkuðu upplýsingar sem fram kæmu í úrskurðum ríkisskattstjóra, þar sem gengið hefði verið út frá að umræddar greiðslur skyldu allar skoðast sem laun X og að allar þær greiðslur sem hann hefði ráðstafað af bankareikningi félagsins hefðu verið færðar í bókhaldi þess. Hefðu þær færslur meðal annars valdið lækkun á eignarlið vegna innstæðu á bankareikningnum en jafnframt myndað aðra bókfærða eign félagsins sömu fjárhæðar. Gæti X því ekki einvörðungu með framkvæmd umræddra ráðstafana hafa tileinkað sér hluta af fjármunum félagsins og svipt það um leið varanlegum umráðum þeirra þannig að í bága færi við 247. gr. almennra hegningarlaga. Í málinu lægi ekkert fyrir um afdrif þeirra eigna sem færðar hefðu verið í bókhaldi félagsins á síðari stigum og ákærvaldið ekkert leitt í ljós um þau atvik sem gætu falið í sér að X hefði tileinkað sér þau verðmæti að einhverju eða öllu leyti. Væri því ósannað að tilgangur X hefði verið annar en sá að koma sér undan því um sinn að greiða opinber gjöld af endurgjaldi fyrir vinnu sína í þágu félagsins og annarri úthlutun verðmæta frá því. Var X samkvæmt því sýknaður af kröfum ákærvaldsins.*

SPURNINGAR

EF ekki þá þakka ég fyrir mig